Opni leikskóli



STARFSEMI OPNA LEIKSKÓLA MEMMM

- Valdeflandi, opin þjónusta í almenningsrýmum
- Fyrir öll sem eru heima með lítil börn
- Samvera, leikur og söngur
- Fræðsla fagaðila, gjaldfrjáls fyrir fjölskyldur
- Fylgir hugmyndafræði Öppna förskolan í Svíþjóð, vinaskólar í Stokkhólmi.
- Málörvun og íslenskt málumhverfi



STARFSEMI OPNA LEIKSKÓLA MEMMM

- Faglegt starf
- Skráningartölur og þjónustukönnun
- Ný námskrá
- Rekið af frjálsum félagasamtökum
- Samstarf við sveitarfélög og stofnanir
- Nýtir þá innviði sem eru til staðar
- Eflir lýðheilsu og lífsgæði barnafjölskyldna



Í starfi Opna leikskólans endurspeglast mörg af réttindum barna samkvæmt Alþjóðlega Barnasáttmálanum. Til dæmis:

- Leiðsögn fjölskyldu (5. gr)
- Líf og þroska barna (6.gr)
- Hvíld, leikur, menning og listir (31. gr)

Vettvangur Opna leikskólans er fyrsta stigs þjónusta í þágu **farsældar barna** en getur einnig nýst fagaðilum er sinna annars stigs þjónustu.

BARNASÁTTMÁLI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA



Hvers vegna Opinn leikskóli?

Tækifæri

Snemmtækt

Málörvun

Festa-rútína

Eflir geðtengsl

Styður foreldrasamfélagið

Einfalt en áhrifamikið

Valdeflandi





Ávinningur fyrir fjölskyldur

- Minnkar einmanaleika og félagslega einangrun
- Styrkir tengslamyndun -innan fjölskyldu og utan
- Fræðsla, forvörn, bætt lýðheilsa
- Undirbúningur fyrir leikskóla
- Inngildandi vettvangur fyrir fjölskyldur



Ávinningur fyrir Hafnarfjörð

- Opni Leikskóli Memmm skapar vettvang þar sem fólk finnur að það tilheyri.
- Styrkir jákvæða ímynd bæjarins, jafnt innan hans sem utan.
- Nýtir innviði bæjarins enn betur og dregur að fjölbreyttan hóp fólks.
- Inngildandi vettvangur, eykur líkur á atvinnuþátttöku.
- Að vera leiðandi í fjölbreyttri þjónustu fyrir barnafjölskyldur.
- Eftirsóknarvert fyrir barnafjölskyldur að búa í Hafnarfirði.

TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

HAUST 2026- BÓKASAFN HAFNARFJARÐAR

10. sept.-23. nóv. 2026

1854 heimsóknargestir
-903 börn
-951 fullorðnir

18% fullorðinna með annan menningar- og tungumálabakgrunn.
17% voru karlmenn, feður eða afar.

Mánudagur 23. nóvember
40 fjölskyldur, 94 gestir



VILJIÐ ÞIÐ VERA

Memmm?



Umsögn gestgjafa á Bókasafni Hafnafjarðar

Að hafa Opna leikskóla Memmm í húsi hér á Bókasafni Hafnarfjarðar hefur verið sönn ánægja.

Þeirra faglega starf laðar að Bókasafni Hafnarfjarðar fjölskyldur af öllum stærðum, gerðum og félagsstöðum og býr til alvöru samfélag foreldra og barna þar sem hver og einn fær að njóta sín sem bæði móttakandi sem og þátttakandi á vettvangi kærleiks og gleði.
Að vinna með Memmm hefur frá fyrsta degi verið einstaklega ánægjulegt þar sem þær eru heiðarlegar, samkvæmar sjálfum sér, hafa skýra sýn á starfið, sýna sveigjanleika í rýmisnotkun og ganga sérlega vel um.

Áhugavert væri að skoða afleiðuáhrif sem starfsemi þeirra hefur í bænum hvað varðar verslun og þjónustu í miðbænum, þar sem notendur koma víða að til að njóta, læra og tengjast á Memmm-stundum.

Bókasafn Hafnarfjarðar hefur sannarlega tekið eftir jákvæðri aukningu lánþega og gesta út frá Memmm og þess má geta að á þeim tíma sem Memmm er búið að vera með opna leikskólann á bókasafninu þá hafa komið 1.853 gestir bara til þeirra og er safnið aldeilis til í að bjóða áfram aðstöðu endurgjaldslaust til Memmm fyrir frekara samstarf eftir áramót.

Hugrún Margrét
Deildarstjóri barna- og ungmennadeildar

Sigrún Guðnadóttir
Forstöðumaður

Umsagnir gesta Opna leikskóla Memmm í Hafnarfirði

Opni leikskólinn Memm sem hefur verið með stundir á bókasafninu í Firðinum, er með mjög mikilvægt starf. Staðsetning sem þessi gefur stórum, fjölbreyttum hóp tækifæri til þess að tengjast, leika og efla alls kyns færni hjá börnum. Stundirnar veita mínu barni gleði, tækifæri á tengslum við önnur börn sem styrkir bæði félagsfærni og samskiptafærni. Auk þess sem stundirnar veita foreldrum tækifæri til þess að tengjast, sem er ekkert minna mikilvægt. Mér finnst staðsetningin sem hafnfirðingur frábær, í hjarta bæjarins og styrkir í leiðinni hvata hjá börnum fyrir lestri og leik á flotta nýja barnasvæði bókasafnins. Við vonumst til og hlökkum til að mæta á nýju ári í opna leikskólann, Memm á bókasafni Hafnarfjarðar, okkar bæjarfélagi.
-Hafdís Birna

Memmm hefur verið stór hluti af orlofinu okkar og mætum við að meðaltalið 2x í viku í Hafnafirði, ég hreinlega veit ekki hvar við værum án þess. Þetta hefur gert svo ótrúlega mikið fyrir okkur og þá sérstaklega mig. Að fá tækifæri til þess að komast út úr húsi og hitta annað fólk sem er á svipuðum stað er ómetanlegt. Og það að geta gert það á bókasafninu í Hafnafirði er æðislegt, umhverfið er svo einstaklega notalegt
-Agnes

Þetta gjörbreytti öllu, við feðgar mættum flesta daga yfir nokkura mánaða tímabil. Æðislegt að hitta aðra krakka og fyrir mig sem foreldri að hitta annað fólk/ aðra foreldra. Við eignuðumst líka vini sem við erum í sambandi við útfrá Memmm.
-Biggi